

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytinu, 22. júlí 1998.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

AUGLÝSING

um staðfesting handhafa valds forseta Íslands á reglugerð
um breytingu á reglugerð nr. 98/1993, fyrir Háskóla Íslands,
með áorðnum breytingum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Að vér samkvæmt tillögu menntamálaráðherra staðfestum eftirfarandi reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 98/1993, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

1. gr.

5. mgr. 119. gr. orðist svo:

Prófgráðan M.S. er veitt fyrir 45 eða 60 eininga framhaldsnám að loknu B.S. prófi.

2. gr.

Reglugerð þessi sem er sett samkvæmt heimild í 40. gr. laga nr. 131/1990, um Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. júlí 1998.

Davíð Oddsson.

Ólafur G. Einarsson.
(L. S.)

Pétur Kr. Hafstein.

Björn Bjarnason.